

## Yfirlýsing 30 landeigenda í Árneshreppi

Við undirritaðir eigendur landareigna í Árneshreppi andmælum því að Drangajökulsvíðernum verði raskað til frambúðar fyrir vatnsaflsvirkjanir orkufyrirtækja. Fyrir um áratug síðan gáfu eigendur tveggja jarða í hreppnum, Engjaness og Ófeigsfjarðar, ákveðnu einkahlutafélagi tímabundna heimild til að rannsaka og mögulega síðar virkja vatnsafl innan jarðanna og nýta það í 60 ár gegn stighækkandi gjaldi. Mikið vatn hefur runnið frjálst til sjávar síðan þá.

Í þeim vatnsföllum sem áformað er að virkja, Rjúkanda, Hvalá og Eyvindarfjarðará er fjöldi fossa, stórra og smárra og á heiðinni sunnan Drangajökuls eru fagurblá fjallavötn sem fáir hafa séð. Þessari ósnortnu náttúru þarf að þyrma og víðernunum sem mynda eitt samfelt og viðkvæmt vistkerfi. Engin leið er að endurheimta óspillt víðerni eftir rask sem yrði af þeim þremur virkjunum sem HS Orka og Landsvirkjun áforma á svæðinu (Hvalár- og Skúfnavatnavirkjanir auk Austurgilsvirkjunar). Við lýsum því yfir að við munum einskis láta ófreistað til að stöðva þá aðför að náttúru Stranda sem felst í virkjanaundirbúningi orkufyrirtækjanna tveggja.

Þessar stórkarlalegu virkjanahugmyndirnar eru fullkomin tímaskekkja í nútímasamfélagi. Náttúruverndarsjónarmið njóta sífellt meira fylgis og óbyggð víðerni hafa öðlast viðurkenningu og vernd í lögum. Þessar virkjanahugmyndirnar eiga því að okkar mati heima í verndar- eða biðflokki rammaáætlunar, áratugsgamlar forsendur þeirra eru löngu úreltar. Allir sem kynna sér staðreyndir um raforkuöryggi á Vestfjörðum vita að þessar virkjanir hafa þar engin áhrif. Raforkan yrði seld hæstbjóðanda suður á land, líklega til gagnavera sem leita rafmyntar, s.s Bitcoin. Sú stórfellda eyðilegging á einstakri náttúru sem svona stórframkvæmdum fylgja mun ekki bjarga heilsárbyggð í Árneshreppi, en stórskaða ímynd sveitarinnar.

Þessi yfirlýsing er send sveitarstjórn, iðnaðar-, nýsköpunar- og ferðamálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt öllum þingflokki og er ákall til stjórnámálanna um að hlusta á þá sem næst standa þessari vá og vilja huga að framtíðinni.

Hér fyrir neðan er listi yfir þá 30 landeigendur sem að þessari yfirlýsingu standa, ásamt uppdrætti sem sýnir staðsetningu landareigna þeirra í Árneshreppi.

Júlí 2019

*Guðjón Ingólfsson vegna Skjaldabjarnavíkur, Drangavíkur og Eyrar, Arngrímur Kristinsson, Benjamín Kristinsson, Elías Svavar Kristinsson, Guðjón Stefán Kristinsson, Guðmundur Óli Kristinsson, Jón Kristinsson, Óskar Kristinsson, Sigurvina Guðmunda Samúelsdóttir, Sólveig Stefanía Kristinsdóttir, Sveinn Kristinsson og Þorbjörg Samúelsdóttir vegna Dranga og Seljaness, Halldór Ingólfsson, Ingunn Hinriksdóttir, Lára Ingólfsdóttir og Þórhildur Ingólfsdóttir vegna Drangavíkur og Eyrar, Gunnar Ólafur Bjarnason, Ólafur Gunnarsson og Sigríður Sveinsdóttir vegna Drangavíkur, Hrefna Þorvaldsdóttir, Ingólfur Benediktsson, Jóhanna Ósk Kristjánsdótti og Valgeir Benediktsson vegna Árness 2, Soffía Guðrún Ágústsdóttir vegna Naustvíkur og Anna Þórný Annesdóttir, Gunnar Kristjánsson, Jón Marteinnsson, Ólöf Guðbrandsdóttir, Þórir Steingrímsson og Þorlákur Guðbrandsson vegna Veiðileysu.*

